



***Fornleifaskráning vegna deiluskipulags við
Drangagil, Neskaupstað***



Indriði Skarphéðinsson

2025

Forsíðumynd: Síðasti símastaurinn neðan við Drangagil.




© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

Júlí 2025

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Skráningarsvæðið.....	1
Fornleifaskráning	2
[3454-001] gata – leið	2
[3454-002] lagnir – jarðsími	4
Niðurstöður	4
Heimildaskrá:	5




Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.

Inngangur

Að beiðni Framkvæmdarsýslu ríkisins tók Sagnabrunnur ehf. að sér fornleifaskráningu vegna viðbóta og viðhalds á snjóflóðamannvirki í Drangagili, Norðfirði út frá umsögn minjavarðar Austurlands (Þuríður Elísa Harðardóttir, 2025). Tengiliður hjá Framkvæmdasýslu ríkisins var Dóra Lind Pálmarsdóttir. Verkefnið snerist um að mæla upp og skrá gamla þjóðleið og jarðsíma sem liggja um Drangaskörð frá Neskaupstað til Mjóafjarðar. Indriði Skarphéðinsson vann vettvangsvinnu og farið var á staðinn þann 29. júní síðastliðinn. Aðstæður voru ekki eins og best var á kosið en þétt þoka lá yfir skarðinu. Ummerki um bæði jarðsímamann og þjóðleiðina fundust á vettvangi og voru mæld upp og skráð. Ekki sáust aðrar minjar við skráninguna.

Skráningarsvæðið




Kort 2. Afmörkun framkvæmdasvæðisins við Drangaskarð, merkt með rauðri línu.

Framkvæmdasvæðið er staðsett efst í Drangagili við Rósubotna og Drangaskarð. Markmið skráningarinnar var að staðsetja og mæla upp jarðsíma og þjóðleiðina og var ekki sérstaklega

leitað fornleifa á öllu svæðinu heldur fylgt umsögn minjavarðar (Þuríður Elísa Harðardóttir, 2025).

Fornleifaskráning

Tvær minjar voru skráðar við fornleifaskráninguna; annars vegar símalína og hins vegar leið. Ekki fundust ummerki um símalínuna innan framkvæmdarsvæðisins en þétt þoka gerði skráningarmanni erfitt fyrir. Nokkrir símastaurar standa þó enn í röð neðan við Drangagil og má vel greina hvar síðasti staurinn endar og línan er lögð í jörð.



Kort 3. Skráðar minjar við Drangagil.

[3454-001] gata – leið

Leiðin frá Neskaupstað yfir í Mjóafjörð lá lengi um Drangaskarð (Ármann Halldórsson 1976:18) og er nú leiðin nýtt af ferða- og göngufólki. Leiðin er snarbrött upp í Drangagilið og liggur þaðan um Rósubotna í Drangaskarðið. Greinilegur slóði var upp í Drangagilið sem trúlega hefur verið stappaður niður nýlega vegna aukinnar umferðar um svæðið vegna framkvæmdanna. Var sá hluti

leiðarinnar mældur upp. Í Rósubotnum sáust lítil ummerki um leiðina en var hún gróflega mæld upp að skarðinu en þoka gerði fornleifafræðingi erfitt fyrir í leit að leiðinni á vettvangi.



Mynd 1. Leið [3453-001], nýlega traðkaður slóði neðan við Drangagil.

[3454-002] lagnir – jarðsími



Mynd 2. Símalína [3453-002], síðasti símastaurinn neðan við Drangagil, ofar í gílinu liggur vírinn hálfgrafinn í jörð.

Sími var lagður á milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar árið 1914 af Landsíma Íslands (Vilhjálmur Hjálmarsson 1990:131). Neðan við Drangagil mátti finna leifar símastaura sem liggja upp að gílinu og hvar línán lá frá efsta staurnum áfram í jörðu upp gilið. Sást hluti jarðsímans ofanjarðar neðarlega í gílinu og voru mældir upp punktar þar sem sást í hann og lína teiknuð á milli.

Niðurstöður

Tvær minjar voru skráðar í og við skráningarsvæðið, leið [3454-001] og jarðsími [3454-002]. Minjarnar hafa báðar náð 100 ára aldri og teljast því til friðaðra fornleifa. Framkvæmdirnar sem nú standa til á svæðinu fela í sér fjarlægingu hluta af netgrindum sem þar standa og uppsetningu á stoðvirki úr stáli ásamt borunum og togprófi. Eru bæði minjarnar og framkvæmdirnar þess eðlis að ólíklegt verður að teljast að mikil hætta stafi af minjunum vegna framkvæmdanna. Er því beint til framkvæmdaraðila að tillit sé tekið til minjanna við framkvæmdirnar og eins að ef

formminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verksins skal framkvæmd stöðvuð og Minjastofnun Íslands látin vita um stöðu mála.

Heimildaskrá:

Ármann Halldórsson (1976) *Sveitir og Jarðir í Múlaþingi*. III. Bindi. Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar, Seltjarnarnesi.

Vilhjálmur Hjálmarsson (1990). Gömul saga um síma, í *Múlaþing, Byggðarsögurit Austfirðinga*. Ármann Halldórsson ritsj. 17. hefti. Prentsmiðjan Oddi hf.

Guðrún Kristinsdóttir, Mjöll Snæsdóttir & Guðný Zoëga (1994). *Fornleifaskráning Norðfjarðar*. Safnastofnun Austurlands.

Þuríður Elísa Harðardóttir. (2025). „Snjóflóðavarnir í Drangagili, Norðfjörður, Fjarðabyggð – viðbætur og viðhald.“ Umsögn MÍ202503-0028, dags. 17. mars 2025. Minjastofnun Íslands.